



Fréttatilkynning

13 March 2024 18:34:00 GMT

Niðurstöður aðalfundar Arion banka hf. 2024

Aðalfundur Arion banka hf. var haldinn þann 13. mars 2024 kl. 16:00.

Eftirfarandi eru niðurstöður fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta reikningsári var kynnt af Brynjólfi Bjarnasyni, stjórnarformanni. Jafnframt fór Benedikt Gíslason, bankastjóri, yfir starfsemi bankans síðastliðið ár.

2. Ársreikningur bankans og samstæðureikningur fyrir síðastliðið reikningsár var samþykktur.

3. Samþykkt var að greiða út arð.

Samþykkt var að greiða út arð til hluthafa bankans sem nemur 9,0 kr. á hlut, sem jafngildir um 13 milljörðum kr. Arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, verður 14. mars 2024. Arðsréttindadagur (e. record date) verður 15. mars 2024. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Útborgunardagur (e. payment date) verður 21. mars 2024.

4. Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar.

Stjórn Arion banka samanstendur af eftirtöldum aðilum sem kjörnir voru á fundinum. Niðurstöðurnar voru í samræmi við tillögur tilnefningarnefndar og sitja því nú 5 stjórnarmenn í stjórn bankans:

- Paul Horner (formaður)
- Kristín Pétursdóttir (varaformaður)
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

Þá var Paul Horner kjörinn formaður stjórnar og Kristín Pétursdóttir kjörin varaformaður stjórnar.

Eftirtaldir aðilar voru sjálfkjörnir í varastjórn bankans:

- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Einar Hugl Bjarnason



5. Samþykkt var að Deloitte ehf. haldi áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðendur bankans.

Deloitte ehf. var kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá desember 2021 og 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

6. Samþykkt var tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.

Tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar var samþykkt eins og hún var lögð fram á fundinum.

7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans var samþykkt.

Samþykkt var að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd yrði fast tímagjald sem nemur 27.500 kr.

8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans.

Fyrir fundinn bárust framboð í tilnefningarnefnd bankans frá Auði Bjarnadóttur og Júlíusi Þorfinnssyni og voru þau því sjálfkjörin til setu í tilnefningarnefnd.

9. Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans.

Heimir Þorsteinsson var kjörinn í endurskoðunarnefnd bankans.

10. Tillögur að breytingum á starfskjarastefnu bankans var samþykkt.

Starfskjarastefna bankans var samþykkt eins og hún var lögð fram á fundinum.

11. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum var samþykkt.

Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 13. mars 2024 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans eigin hluti, þannig að félagið og dótturfélög eigi samanlagt allt að 10% af hlutafé bankans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem bankinn eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsfólks þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575 /2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt.



Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2025 en hafi hann ekki farið fram 13. september 2025 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.

12. Tillögur að breytingum á samþykktum bankans var samþykkt.

Aðalfundur samþykkti breytingar á samþykktum bankans til samræmis við nýlegar breytingar á ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga og tilmælum Seðlabanka Íslands um að samþykktir bankans skuli vísa í lög nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Niðurstöður aðalfundar Arion banka hf. 2024](#)